# Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

Janúar - Mars 2026

STÆRSTI
SKEMMTI
STAÐUR
Í HEIM

NOVA
KLÚBBURINN

# Efnisyfirlit


| | bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 5 |
| Samandreginn efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 7 |
| Eiginfjáryfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |
| Ársfjórðungayfirlit | 12 |



Nova klúbburinn hf.
Lágmúla 9
108 Reykjavik
Kt. 620916-0560

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Nova klúbburinn hf. („félagið“) er móðurfélag Nova hf., þar sem meginstarfsemin er fjarskiptarekstur og skyld starfsemi, og Nova Innviða ehf., sem á og rekur fjarskiptainnviði. Ársreikningur þessi samanstendur af ársreikningum Nova klúbbsins hf. og dótturfélaga þess, Nova hf., Nova Innviða ehf. og NL9 ehf., saman nefnt „Samstæðan“ eða „Nova“.

Í kjölfar sölu 4G/5G dreifikerfis Nova hf. til Sendafélagsins ehf. um áramótin hefur umfang og rekstrarfyrirkomulag samstæðunnar breyst. Af þeim sökum eru rekstrartölur ársins ekki að öllu leyti samanburðarhæfar við samanburðartölur fyrra árs. Sjá nánar í skýringum 5 og 9. Rekstur félagsins er á áætlun, í samræmi við breytt rekstrarfyrirkomulag, og niðurstöður fyrsta ársfjórðungs styðja við útgefið spábil um EBITDA niðurstöður ársins.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu námu heildartekjur fyrir tímabilið janúar til mars 2026 3.231 millj. kr. samanborið við 3.324 millj. kr. á sama tímabili á fyrra ári. EBITDA var 649 millj. kr. samanborið við 989 millj. kr. á fyrra ári. Hagnaður og heildarafkoma var 109 millj. kr. samanborið við 167 millj. kr. á fyrra ári. Eigið fé í lok tímabilsins nam 9.628 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en var 9.595 millj. kr. um áramót. Eiginfjárhlutfall er 41,1%, samanborið við 40,8% um áramót. Vísað er til eiginfjáryfirlits varðandi upplýsingar um breytingar á eigin fé á tímabilinu.

Á aðalfundi í mars voru endurkjörin í stjórn félagsins þau Sigríður Olgeirsdóttir, Hrund Rudolfsdóttir, Jón Óttar Birgisson, Jóhannes Þorsteinsson og Steinunn Hlíf Sigurðardóttir. Í stjórn félagsins sitja þrjár konur og tveir karlar og uppfyllir félagið því ákvæði laga um kynjahlutföll í stjórn.

Þá var á aðalfundinum stjórn félagsins veitt heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til kaupa á allt að 10% af hlutfé félagsins, eins og það er á hverjum tíma.

Jafnframt var samþykkt á aðalfundi félagsins tillaga stjórnar um greiðslu arðs til hluthafa að fjárhæð sem nemur 0,101 kr. á hlut, eða sem jafngildir um 350 milljónum króna. Í samræmi við heimild aðalfundar var arður greiddur til hluthafa þann 8. apríl.

Þann 20. febrúar undirritaði félagið samning um kaup á öllu hlutfé í Ofar hf. fyrir sem nemur 4.400 m.kr. að heildarvirði, en auk þess nema leiguskuldbindingar um 510 m.kr. Endanlegt kaupverð ræðst af nettóstöðu veltufjármuna og hreinum vaxtaberandi skuldum á uppgjörsdegi. Kaupin verða fjármögnuð með handbæru fé og lánsfé. Gert er ráð fyrir að viðskiptin muni taka gildi að uppfylltum fyrirvörum, þar á meðal samþykki samkeppnisyfirvalda.

Þann 26. mars undirrituðu félagið og Rafal ehf. viljayfirlýsingu um stofnun nýs sameiginlegs félags sem mun sérhæfa sig í IoT-lausnum (Internet of Things), með fyrirvara um endanlegan frágang samninga.

Á tímabilinu keypti félagið eigin hluti að nafnverði 18,2 m.kr á meðalgenginu 4,4 kr. fyrir alls 80,5 m.kr. í samræmi við heimild aðalfundar um endurkaup frá 27. mars 2025.

Þann 15. apríl var hlutfé félagsins lækkað um 106.500.000 hluti, úr kr. 3.553.874.756 í kr. 3.447.374.756 að nafnverði, með ógildingu eigin hluta félagsins í samræmi við heimild aðalfundar frá í mars, sjá nánar í skýringu 7.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

## Rekstur tímabilsins janúar til mars 2026

Samkvæmt okkar bestu vitund er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur þessi gefi glögga mynd af fjárhagslegri afkomu samstæðunnar fyrir tímabilið janúar til mars 2026, eignum hennar, skuldum og fjárhagsstöðu þann 31. mars 2026, og sjóðstreymi hennar fyrir tímabilið janúar til mars 2026. Jafnframt er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur og skýrsla stjórnar og forstjóra innihaldi skýrt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar.

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með samandregin árshlutareikning samstæðunnar fyir tímabilið janúar til mars 2026 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. apríl 2026

**Stjórn**

Jón Óttar Birgisson
Stjórnarformaður

Hrund Rudolfsdóttir
Meðstjórnandi

Sigríður Olgeirsdóttir
Meðstjórnandi

Steinunn Hlíf Sigurðardóttir
Meðstjórnandi

Jóhannes Þorsteinsson
Meðstjórnandi

Sylvía Kristín Ólafsdóttir
Forstjóri

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2026

| | Sk. | 1.1.-31.03 2026 | 1.1.-31.03 2025 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Sala | 4 | 3.206.809 | 3.299.150 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 24.461 | 24.874 |
| | | 3.231.270 | 3.324.024 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 1.666.917 | 1.485.049 |
| Laun og launatengd gjöld | | 590.632 | 549.233 |
| Annar kostnaður | | 324.656 | 300.643 |
| | | 2.582.205 | 2.334.925 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA** | | 649.065 | 989.099 |
| Afskriftir | 5 | (364.691) | (582.537) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 284.374 | 406.562 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | |
| Vaxtatekjur | | 13.302 | 9.887 |
| Vaxtagjöld | | (218.812) | (205.850) |
| Gengismunur | | 2.682 | (4.265) |
| | 6 | (202.828) | (200.228) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 8 | 46.606 | 0 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 128.152 | 206.334 |
| Tekjuskattur | | (18.877) | (38.870) |
| **Hagnaður og heildarafkoma á tímabilinu** | | 109.275 | 167.464 |
| **Hagnaður á hlut** | | | |
| Grunnhagnaður á hlut | | 0,032 | 0,047 |
| Þynntur hagnaður á hlut | | 0,031 | 0,047 |

Skýringar á bls. 9 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2026

| Eignir | Sk. | 31.03.2026 | 31.12.2025 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Viðskiptavild | | 10.136.485 | 10.136.485 |
| Aðrar óefnislegar eignir | | 1.330.602 | 1.329.702 |
| Rekstrarfjármunir | | 1.400.205 | 1.275.843 |
| Leigueignir | | 4.261.606 | 4.268.210 |
| Eignahlutir í hlutdeildarfélögum | | 1.159.643 | 1.113.036 |
| Lán til tengdra aðila | 10 | 152.331 | 1.801.244 |
| Skatteign | | 714.182 | 703.740 |
| Fastafjármunir | | 19.155.054 | 20.628.261 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | | 412.380 | 329.486 |
| Skammtímakröfur á tengda aðila | | 54.499 | 139.692 |
| Viðskiptakröfur | | 1.180.897 | 1.206.143 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 462.838 | 351.040 |
| Handbært fé | 10 | 2.169.075 | 889.889 |
| Veltufjármunir | | 4.279.689 | 2.916.251 |
| **Eignir samtals** | | 23.434.742 | 23.544.512 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 3.447.375 | 3.465.675 |
| Yfirverðsreikningur | | 1.511.198 | 1.573.388 |
| Varasjóðir | | 1.924.222 | 1.723.121 |
| Óráðstafað eigið fé | | 2.745.457 | 2.833.296 |
| | | 9.628.252 | 9.595.480 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | | 1.758.750 | 1.785.000 |
| Leiguskuldbindingar | | 6.294.189 | 6.288.870 |
| Aðrar langtímaskuldir | | 3.130.553 | 3.121.600 |
| Langtímaskuldir samtals | | 11.183.492 | 11.195.470 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir við tengda aðila | | 166.993 | 146.331 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 105.000 | 105.000 |
| Viðskiptaskuldir | | 688.273 | 891.981 |
| Reiknaðir skattar til greiðslu | | 29.320 | 409.841 |
| Leiguskuldbindingar og aðrar skuldir | | 358.835 | 352.605 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 1.140.973 | 712.781 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 133.604 | 135.023 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 2.622.999 | 2.753.562 |
| Skuldir samtals | | 13.806.491 | 13.949.032 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 23.434.742 | 23.544.512 |

Skýringar á bls. 9 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Sjóðstreymisyfirlit
# 1. janúar til 31. mars 2026

| | Sk. | 1.1.-31.03 2026 | 1.1.-31.03 2025 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 109.275 | 167.464 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 5 | 364.691 | 582.537 |
| Tekjuskattur | | 18.877 | 38.870 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | | (46.606) | 0 |
| Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna | | 690 | 0 |
| Hreinar fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 6 | 202.828 | 200.228 |
| | | 649.755 | 989.099 |
| Birgðir, hækkun | | (82.894) | (45.248) |
| Viðskiptakr. og aðrar kröfur, lækkun (hækkun) | | (101.128) | (122.700) |
| Viðskiptask. og aðrar skuldir, (lækkun) hækkun | | (13.474) | 195.388 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | (197.496) | 27.440 |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 13.301 | 9.307 |
| Greidd vaxtagjöld | | (185.910) | (200.266) |
| Greiddir skattar | | (49.503) | (46.522) |
| Handbært fé frá rekstri | | 230.147 | 779.058 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | (299.346) | (370.285) |
| Keyptar óefnislegar eignir | | (115.463) | (78.484) |
| Lán til hlutdeildarfélags | 10 | 1.648.913 | 0 |
| | | 1.234.104 | (448.769) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Keypt eigin hlutabréf | | (80.490) | (143.526) |
| Afborganir leiguskulda | | (64.875) | (64.053) |
| Afborganir annarra langtímaskulda | | (16.913) | (14.677) |
| Afborganir vaxtaberandi langtímaskulda | | (26.250) | (26.250) |
| | | (188.528) | (248.506) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 1.275.723 | 81.783 |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé | | 3.463 | 54 |
| **Handbært fé í upphafi árs** | | 889.889 | 1.031.433 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 2.169.075 | 1.113.270 |

Skýringar á bls. 9 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Eiginfjáryfirlit 31. mars 2026

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Varasjóðir | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Staða 1. janúar 2025 | 3.587.181 | 2.014.877 | 1.549.060 | 2.512.541 | 9.663.659 |
| Hagnaður og heildarafkoma | | | | | |
| janúar til desember 2025.................... | | | | 783.386 | 783.386 |
| Greiddur arður 0,082 kr. per hlut........... | | | | (291.417) | (291.417) |
| Áhrif kauprétta...................................... | | | | 2.848 | 2.848 |
| Kaup á eigin hlutabréfum....................... | (121.506) | (441.489) | | | (562.995) |
| Hlutdeild í hagnaði dótturfélags | | | | | |
| umfram móttekinn arð......................... | | | 95.723 | (95.723) | 0 |
| Lagt í lögbundinn varasjóð..................... | | | 78.339 | (78.339) | 0 |
| Staða 31. desember 2025 | 3.465.675 | 1.573.388 | 1.723.122 | 2.833.296 | 9.595.481 |
| | | | | | |
| Hagnaður og heildarafkoma | | | | | |
| janúar til mars 2026............................ | | | | 109.275 | 109.275 |
| Áhrif kauprétta...................................... | | | | 3.987 | 3.987 |
| Hlutdeild í hagnaði dótturfélags | | | | | |
| umfram móttekinn arð......................... | | | 190.174 | (190.174) | 0 |
| Framlag lögbundinn varasjóð................ | | | 10.927 | (10.927) | 0 |
| Kaup á eigin hlutabréfum....................... | (18.300) | (62.190) | | | (80.490) |
| Staða 31. mars 2026 | 3.447.375 | 1.511.198 | 1.924.223 | 2.745.457 | 9.628.252 |

Skráð og útgefið hlutafé í upphafi tímbils nam kr. 3.553.874.756 eigin hlutir námu kr. 106.500.000. Útistandandi hlutafé í lok tímabilsins nam því kr. 3.447.374.756. Í tengslum við kaupréttaráætlanir félagsins við fastráðið starfsfólk sitt og Nova hf. sem samþykktar voru á aðalfundi félagins í mars 2025 hefur stjórn félagins heimild til útgáfu allt að 67.913.666 nýrra hluta í félaginu vegna útistandandi kauprétta sem veittir voru í nóvember 2025.

Skýringar á bls. 9 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Skýringar

## 1. Félagið

Nova Klúbburinn hf. („félagið“) er skráð félag og með aðsetur á Íslandi. Skrifstofur og höfuðstöðvar félagsins eru að Lágmúla 9 í Reykjavík. Samandregni árshlutareikningur þessi fyrir tímabilið sem lauk 31. mars 2026 samanstendur af samandregnum árshlutareikningi Nova Klúbbsins hf. og dótturfélaga þess, Nova hf., Nova Innviða ehf. og NL9 ehf., saman nefnt „samstæðan“. Nova hf. er íslenskt fjarskiptafélag sem er í 100% eigu félaga í samstæðu Nova Klúbbsins hf.. Nova Innviðir ehf. er íslenskt innviðafélag sem er í 100% eigu félaga í samstæðu Nova Klúbbsins hf.. NL9 ehf. er 100% í eigu Nova Klúbbsins hf. og hefur þann eina tilgang að eiga tvo hluti í Nova hf.

Meginstarfsemi samstæðunnar er rekstur fjarskiptaþjónustu og skyld starfsemi.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Helstu reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru við gerð þessa samandregna árshlutareiknings eru settar fram hér að neðan. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt bæði tímabilin sem reikningurinn nær til, nema annað sé tekið fram.

Samandreginn árshlutareikningur Nova klúbbsins hf. fyrir tímabilið janúar til mars 2026 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullgerðum ársreikningi og ber því að lesa með tilliti til ársreiknings ársins 2025.

Samandregni árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhagsupplýsingar í íslenskum krónum hafa verið námundaðar að næsta þúsundi nema annað sé tekið fram.

## 3. Mikilvæg atriði tengd matsliðum

Við gerð árshlutareiknings ber stjórnendum, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að gefa sér forsendur, áætla og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á uppgjörsdegi, upplýsingar í athugasemdum og tekjur og gjöld. Þetta mat og ályktanir tengdar því er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Jafnvel þótt áætlanir séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunvirði þeirra hluta sem áætlað er með þessum hætti reynst annað en niðurstaðan samkvæmt matinu.

## 4. Sölutekjur af samningum við viðskiptavini

Í samræmi við innri upplýsingagjöf er félagið skilgreint sem einn starfsþáttur með fjórum megin tekjustraumum: FlakkNet, FastNet, Vörusala og Aðrar sölutekjur.

**FlakkNet:** Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur. Framangreindar tekjur eru tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað.

**FastNet:** Tekjur af þjónustu sem nýtir fastanet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastanet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur. Framangreindar tekjur eru tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað.

**Vörusala:** Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði. Vörusala er tekjufærð á þeim tímapunkti þegar yfirráð yfir vöru færast yfir til viðskiptavinar.

**Aðrar sölutekjur:** Tekjur af annarri fjarskiptatengdri þjónustu sem fellur ekki undir ofangreinda flokka. Svo sem fastlínuþjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl. Þessar tekjur eru tekjufærðar á því tímabili sem notkun á sér stað.

## 4. Sölutekjur af samningum við viðskiptavini, frh.:

| Janúar til mars 2026 | FlakkNet | FastNet | Vörusala | Aðrar sölut. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Á tímapunkti | 0 | 0 | 389.768 | 0 | 389.768 |
| Yfir tímabil | 1.608.761 | 1.125.761 | 0 | 82.518 | 2.817.041 |
| Tekjur samtals | 1.608.761 | 1.125.761 | 389.768 | 82.518 | 3.206.809 |

| Janúar til mars 2025 | FlakkNet | FastNet | Vörusala | Aðrar sölut. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Á tímapunkti | 0 | 0 | 410.492 | 0 | 410.492 |
| Yfir tímabil | 1.623.289 | 1.027.957 | 0 | 237.412 | 2.888.658 |
| Tekjur samtals | 1.623.289 | 1.027.957 | 410.492 | 237.412 | 3.299.150 |

Enginn einn viðskiptavinur átti í viðskiptum sem námu meira en 10% af tekjum félagsins á tímabilinu.

## 5. Afskriftir

| Afskriftir greinast þannig: | 1.1.-31.3 2026 | 1.1.-31.3 2025 |
|---|---|---|
| Afskriftir óefnislegra eigna | 114.563 | 113.682 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 174.294 | 389.530 |
| Afskriftir nýtingaréttar leigueigna | 75.835 | 79.325 |
| | 364.691 | 582.537 |

## 6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig: | 1.1.-31.3 2026 | 1.1.-31.3 2025 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 13.302 | 9.887 |
| Vaxtagjöld leiguskuldbindinga | (120.476) | (124.349) |
| Vaxtagjöld annarra skulda | (22.205) | (20.823) |
| Verðbætur annarra skulda | (33.080) | (6.844) |
| Vaxtagjöld langtímalána | (41.917) | (48.839) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (1.133) | (4.995) |
| Fjármagnsgjöld samtals | (218.812) | (205.850) |
| Gengismunur | 2.682 | (4.265) |
| Hrein fjármagnsgjöld | (202.828) | (200.228) |

## 7. Atburðir eftir reikningsskiladag

Eftir lok reikningsskiladags hefur félagið lækkað hlutafé sitt að nafnverði kr. 106.500.000 í kjölfar þess að samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 26. mars 2026 tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár félagsins úr kr. 3.553.874.756 í kr. 3.447.374.756 að nafnverði, með ógildingu eigin hluta félagsins. Lækkunin var framkvæmd 15. apríl 2026. Skráð hlutafé félagsins eftir lækkun nemur því kr. 3.447.374.756 að nafnverði, sem skiptist í jafnmarga hluti, og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut. Eftir hlutafjárlækkunina á Nova Klúbburinn enga eigin hluti.

## 8. Eignahlutir í hlutdeildarfélögum

Félagið á eignahlut í þremur félögum og sundurliðast áhrif þeirra á tímabilinu þannig;

| | Eignarhlutur | Áhrif á rekstur | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Hið Íslenska Númeraflutningsfélag ehf. (HÍN) ................................ | 16,67% | 0 | 2.596 |
| Sendafélagið ehf. ............................................................................ | 55,00% | 34.257 | 797.432 |
| DineOut ehf. .................................................................................... | 20,00% | 12.349 | 359.615 |
| Samtals áhrif hlutdeildarfélaga | | 46.606 | 1.159.643 |

Hið Íslenska Númeraflutningsfélag ehf. er ekki rekið i hagnaðarskyni og eru því engin áhrif á rekstur samstæðunnar. Heildarhlutur Nova hf. í Sendafélaginu nemur samtals 55% af útgefnu hlutafé þess en hluthafasamkomulag Nova við Sýn sem á 45% hlut kveður á um jöfn stjórnunaráhrif Sendafélagins og er því eignahlutur samstæðunnar flokkaður sem hlutdeildarfélag í lok árs.

## 9. Framsal 4G/5G dreifikerfis og reksturs til Sendafélagsins ehf.

Með framsali 4G/5G dreifikerfis um áramót fluttust eignir, starfsfólk og rekstrarkostnaður til Sendafélagsins og kaupir Nova hf. nú alla þjónustu á grundvelli eins þjónustusamnings sem færist að fullu undir rekstrarkostnað í rekstrarreikning. Þetta skýrir að hluta lækkun EBITDA milli ára þar sem kostnaðar sem áður féll undir fjárfestingar og afskriftir kemur nú fram í rekstrarkostnaði. Nova hf. átti 50% eignahlut í Sendafélaginu ehf. fram til framsalsins en eignahluturinn jókst í 55% í kjölfar þess. Þar sem hluthafasamkomulag félagsins kveður á um jöfn stjórnunarhlutföll færist hlutur Nova hf. í rekstri Sendafélagsins í samræmi við hlutdeildaraðferð frá og með 1. janúar 2026.

## 10. Endurgreiðsla á hluthafaláni til Sendafélagsins ehf.

Í tengslum við framsal 4G/5G dreifikerfis og reksturs til Sendafélagsins ehf. um áramótin veitti Nova hluthafalán til Sendafélagsins að fjárhæð um 1,8 ma.kr. Í lok janúar lauk Sendafélagið endurfjármögnun hluta lánsins og greiddi til Nova hf. fjárhæð sem nemur um 1,65 ma.kr. Eftirstöðvar hluthafalánins eru færðar undir fastafjármuni á efnahagsreikning félagsins.

# Ársfjórðungayfirlit

| Ársfjórðungayfirlit 2026 í millj. kr.: | F1 2026 |
|---|---|
| FlakkNet | 1.609 |
| FastNet | 1.126 |
| Vörusala | 390 |
| Aðrar sölutekjur | 83 |
| Aðrar rekstrartekjur | 24 |
| **Rekstrartekjur** | **3.231** |
| Kostnaðarverð seldra vara | (1.667) |
| Laun og launatengd gjöld | (591) |
| Annar kostnaður | (325) |
| **Rekstrarkostnaður** | **(2.582)** |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA** | **649** |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | (174) |
| Afskriftir óefnislegra eigna | (115) |
| Afskriftir nýtingaréttar | (76) |
| **Afskriftir** | **(365)** |
| **Rekstrarhagnaður, EBIT** | **284** |
| Vaxtatekjur | 13 |
| Gengismunur | 3 |
| Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum | (42) |
| Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum | (120) |
| Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum | (22) |
| Verðbætur af öðrum langtímaskuldum | (33) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (1) |
| **Fjármagnstekjur og gjöld** | **(203)** |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 47 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **128** |
| Tekjuskattur | (19) |
| **Hagnaður ársins og heildarafkoma** | **109** |
| | |
| Afborganir og vaxtaþáttur leiguskuldbindinga | (185) |
| **EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)** | **295** |
| | |
| **Kennitölur í rekstrarreikning** | |
| EBITDA hlutfall | 20,09% |
| EBITDAaL hlutfall | 9,12% |
| EBIT hlutfall | 8,80% |
| Hagnaður á hlut | 0,032 |
| | |
| **Kennitölur í efnahagsreikning** | **31.3.2026** |
| Eiginfjárhlutfall | 41,09% |
| Veltufjárhlutfall | 1,632 |

# Ársfjórðungayfirlit

| Ársfjórðungayfirlit 2025 í millj. kr.: | F1 2025 | F2 2025 | F3 2025 | F4 2025 | Samtals 2025 |
|---|---|---|---|---|---|
| FlakkNet | 1.623 | 1.668 | 1.705 | 1.629 | 6.626 |
| FastNet | 1.028 | 1.049 | 1.056 | 1.100 | 4.233 |
| Vörusala | 410 | 444 | 495 | 651 | 2.001 |
| Aðrar sölutekjur | 237 | 235 | 232 | 416 | 1.121 |
| Aðrar rekstrartekjur | 25 | 32 | 25 | 236 | 318 |
| **Rekstrartekjur** | **3.324** | **3.428** | **3.514** | **4.033** | **14.299** |
| Kostnaðarverð seldra vara | (1.485) | (1.528) | (1.607) | (1.977) | (6.597) |
| Laun og launatengd gjöld | (549) | (549) | (516) | (662) | (2.277) |
| Annar kostnaður | (301) | (297) | (281) | (291) | (1.169) |
| **Rekstrarkostnaður** | **(2.335)** | **(2.374)** | **(2.404)** | **(2.929)** | **(10.043)** |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA** | **989** | **1.054** | **1.109** | **1.103** | **4.256** |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | (389) | (411) | (408) | (487) | (1.695) |
| Afskriftir óefnislegra eigna | (114) | (114) | (102) | (109) | (439) |
| Afskriftir nýtingaréttar | (79) | (83) | (83) | (29) | (274) |
| **Afskriftir** | **(582)** | **(608)** | **(593)** | **(624)** | **(2.407)** |
| **Rekstrarhagnaður, EBIT** | **407** | **446** | **516** | **479** | **1.849** |
| Vaxtatekjur | 10 | 8 | 8 | 74 | 100 |
| Gengismunur | (4) | (0) | (0) | 1 | (4) |
| Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum | (49) | (46) | (43) | (44) | (182) |
| Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum | (124) | (131) | (116) | (123) | (493) |
| Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum | (21) | (20) | (21) | (21) | (83) |
| Verðbætur af öðrum langtímaskuldum | (7) | (69) | (43) | (13) | (132) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (5) | 2 | (17) | 3 | (16) |
| **Fjármagnstekjur og gjöld** | **(200)** | **(255)** | **(232)** | **(123)** | **(810)** |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | (3) | 0 | 9 | 6 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **207** | **188** | **284** | **365** | **1.045** |
| Tekjuskattur | (39) | (39) | (57) | (123) | (258) |
| **Hagnaður ársins og heildarafkoma** | **168** | **149** | **228** | **242** | **786** |
| | | | | | |
| Afborganir og vaxtaþáttur leiguskuldbindinga | (188) | (191) | (174) | (209) | (763) |
| **EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)** | **801** | **863** | **936** | **894** | **3.493** |
| | | | | | |
| **Kennitölur í rekstrarreikning** | | | | | |
| EBITDA hlutfall | 29,76% | 30,75% | 31,57% | 27,36% | 29,76% |
| EBITDAaL hlutfall | 24,09% | 25,16% | 26,63% | 22,17% | 24,43% |
| EBIT hlutfall | 12,24% | 13,02% | 14,69% | 11,88% | 12,93% |
| Hagnaður á hlut | 0,047 | 0,042 | 0,064 | 0,064 | 0,218 |
| | | | | | |
| **Kennitölur í efnahagsreikning** | **31.3.2025** | **30.6.2025** | **30.9.2025** | **31.12.2025** | |
| Eiginfjárhlutfall | 40,51% | 39,93% | 39,94% | 40,75% | |
| Veltufjárhlutfall | 1,257 | 1,116 | 2,072 | 1,059 | |